

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 hefur verið ákveðið sem hér segir:

Fyrir full mánaðarleg afnot	kr. 1 687,00
Fyrir svart-hvíta móttöku	kr. 1 518,00
Fyrir hljóðvarpsafnot	kr. 506,00

Auglýsingin tekur gildi 1. janúar 1991 og gildir þar til annað verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 11. desember 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

14. desember 1990

Nr. 495

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarks skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjumark skv. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum skal vera sem hér segir frá og með 1. janúar 1991:

1. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga aðrar tekjur (þó ekki úr lífeyrissjóði) má hafa kr. 177 600 á ári (kr. 14 800 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum verða þessar fjárhæðir kr. 248 640 á ári (kr. 20 720 á mánuði).
2. Elli- og örorkulífeyrisþegi, sem hefur til viðbótar lífeyri almannatrygginga eingöngu tekjur úr lífeyrissjóði má hafa kr. 258 000 á ári (kr. 21 500 á mánuði) án þess að réttur viðkomandi til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar) skerðist. Hjá hjónum eru þessar fjárhæðir kr. 361 200 á ári (kr. 30 100 á mánuði).
3. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi til viðbótar lífeyri almannatrygginga bæði lífeyrissjóðstekjur og aðrar tekjur skal frítekjumark vera hið sama og í 1. tl. Áður en til útreiknings tekjutryggingar kemur skal þó draga frá lífeyrissjóðstekjum viðkomandi kr. 80 400 á ári (kr. 6 700 á mánuði, þ.e. kr. 21 500 – 14 800) hjá einstaklingi og kr. 112 560 á ári (kr. 9 380 á mánuði, þ.e. kr. 30 100 – 20 720) hjá hjónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lokamálsgrein 19. gr. laga um almannatryggingar eins og ákvæðinu var breytt með 8. gr. laga um ráðstafanir vegna kjarasamninga nr. 7/1990, sbr. lög nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1991.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.